



Starfsábyrgðartrygging FVB

Skilmáli SA-13

Starfsábyrgðartrygging FVB er fyrir félagsmenn í Félagi viðurkenndra bókara. Tryggingin bætir almennt fjártjón sem viðurkenndur bókari eða starfsfólk hans kanna að valda viðskiptavinum sínum.

Almenn ákvæði 2. kafla skilmálans gilda um alla þætti trygginganna.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmálum þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Skilgreiningar

Félagið: Vörður tryggingar hf.

Tryggingartaki: Fyrirtæki eða rekstraraðili sem kaupir tryggingu fyrir viðurkenndan bókara og starfsfólk hans.

Tryggður: Viðurkenndur bókari og starfsfólk hans.

Almennt fjártjón: Fjárhagslegt tjón sem verður án þess að skaði hafi orðið á fólki, hlutum eða eignum.

1. Kafli. Bótasvið

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur gegn skaðabótaábyrgð er fellur á tryggðan þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til tryggðs eða starfsfólks hans.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- vegna ásetnings tryggðs eða starfsfólks hans.
- vegna ábyrgðar sem tryggður tekur á sig og er viðtækari en almenn bótaskylda hans sem viðurkenndur bókari.
- vegna sekta sem falla á tryggðan bókara eða starfsfólk hans.
- vegna líkamstjóns eða skemmda á munum.
- vegna bókhaldsstarfa tryggðs utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir þeim reglum sem gilda utan Íslands um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.

2. Kafli. Almenn ákvæði

3. gr. Hver er tryggður?

Tryggðir eru viðurkenndur bókari og starfsfólk hans.

4. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir aðeins vegna starfa á Íslandi.

5. gr. Tryggingarfjárhæð

Tryggingarfjárhæð í hverju tjóni og innan hvers tryggingatímabils er tiltekin á tryggingaskírteini.

Tryggingarfjárhæðin breytist eftir vísitölu sbr. 12. gr. skilmálans.

Félagið greiðir kostnað, sem eðlilegt er að tryggður stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem tryggður er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu, sem tryggingin tekur til.

Sé tryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur, er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.

Greiðsla kostnaðar er háð samþykki félagsins.

6. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber tryggingartaki og/eða tryggður eigin áhættu eins og getið er í skírteini. Fjárhæð þessi breytist árlega eftir vísitölu, sbr. 12. grein skilmálans. Eigin áhætta tryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu þriðja manns.

7. gr. Uppsagnarréttur

Tryggingunni lýkur ef tryggður segir sig úr Félagi bókhaldsstofa eða félagsaðild hans fellur niður af öðrum orsökum.

8. gr. Ábyrgðartími

Tryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn tryggðum er til stofnast á tryggingartímanum án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- a. að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur tryggðum.
- b. að tryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem kann að verða rakið til gáleysis tryggs eða starfsmanns hans eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Tryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu sem stofnast hefur gegn tryggðum á tryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok tryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á tryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok tryggingarinnar, tekur tryggingin ekki til slíks tjóns nema tryggður hafi móttekið skriflega skaðabótakröfu skv. a lið 2. mgr. og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok tryggingarinnar.

Skaðabótakröfu skv. 2. mgr. sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki, hafi tjón komið í ljós að einhverju leyti eða öllu áður en tryggingartíminn hófst.

9. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Jafnskjótt og tryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

10. gr. Aukin áhætta

Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum sem félaginu hefur verið skýrt frá í tryggingarbeiðni eða á annan hátt skal tryggingartaki tilkynna félaginu um þær.

11. gr. Samsömun

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsfólk tryggingartaka eða tryggðs hafi brotið gegn ákvæðum tryggingarinnar skv. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vls.

12. gr. Vísitölubreytingar

Tryggingarfjárhæð skv. 5. gr. miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 353,6 stig. Skal hún breytast 1. janúar ár hvert í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu. Lögjaldið og eigin áhætta breytast á sama hátt.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2026